

## FORSETAÚRSKURÐUR

### um skiptingu starfa ráðherra.

FORSETI ÍSLANDS  
gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga um Stjórnarráð Íslands og forsetaúrskurðar um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti er störfum þannig skipt með ráðherrum:

1. gr.

*Forsætisráðherra.*

**Kristrún Frostadóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir forsætisráðuneytið skv. 1. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *forsætisráðherra*.

2. gr.

*Atvinnuvegaráðherra.*

**Hanna Katrín Friðriksson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir atvinnuvegaráðuneytið skv. 2. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *atvinnuvegaráðherra*.

3. gr.

*Dómsmálaráðherra.*

**Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir dómsmálaráðuneytið skv. 3. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *dómsmálaráðherra*.

4. gr.

*Félags- og húsnæðismálaráðherra.*

**Inga Sæland** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir félags- og húsnæðismálaráðuneytið skv. 4. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *félags- og húsnæðismálaráðherra*.

5. gr.

*Fjármála- og efnahagsráðherra.*

**Daði Már Kristófersson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir fjármála- og efnahagsráðuneytið skv. 5. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *fjármála- og efnahagsráðherra*.

6. gr.

*Heilbrigðisráðherra.*

**Alma D. Möller** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið skv. 6. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *heilbrigðisráðherra*.

## 7. gr.

*Innviðaráðherra.*

**Eyjólfur Ármannsson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir innviðaráðuneytið skv. 7. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *innviðaráðherra*.

## 8. gr.

*Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra.*

**Logi Einarsson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið skv. 8. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra*.

## 9. gr.

*Mennta- og barnamálaráðherra.*

**Ásthildur Lóa Þórsdóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir mennta- og barnamálaráðuneytið skv. 9. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *mennta- og barnamálaráðherra*.

## 10. gr.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.*

**Jóhann Páll Jóhannsson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið skv. 10. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra*.

## 11. gr.

*Utanríkisráðherra.*

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir utanríkisráðuneytið skv. 11. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *utanríkisráðherra*.

## 12. gr.

Úrskurður þessi öðlast gildi 15. mars 2025. Með úrskurði þessum fellur úr gildi úrskurður nr. 142 frá 21. desember 2024 um skiptingu starfa ráðherra.

*Gjört á Bessastöðum, 14. mars 2025.*

**Halla Tómasdóttir.**

(L. S.)

*Kristrún Frostadóttir.*